

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 344/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Ásgeiri Sólbjarti Mikkaelssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Réttindasvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun þess í heild sinni.

Af hálfu ákærvalds er aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu ákærða, refsingu og sviptingu ökuréttar. Í báðum tilvikum er krafist, að ákærða verði gert að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti til jafns við málsvarnarlaun.

Krafa ríkissaksóknara um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, er byggð á því, að skilyrðum c-liðar 147. gr. og 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, eins og þeim var breytt með 7. gr. og 10. gr. laga nr. 37/1994, sé ekki fullnægt til að áfrýja héraðsdómi, eins og hér sé gert. Hann telur, að beita eigi þessum ákvæðum í málinu samkvæmt 2. mgr. 22. gr. síðarnefndu laganna.

Lög nr. 37/1994 tóku gildi 1. júlí 1994, sbr. 23. gr. þeirra. Ákvæðin í 7. og 10. gr. laganna, sem hér um ræðir, lúta að heimild til áfrýjunar. Ákærði tilkynnti ríkissaksóknara um ákvörðun sína um áfrýjun með bréfi 10. júní 1994, og fer því um heimild ákærða til áfrýjunar eftir eldri lögum, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 37/1994. Skilyrðum eldri laga til áfrýjunar héraðsdóms í þessu máli var fullnægt, og er þannig engin stoð fyrir kröfu ríkissaksóknara um að vísa því frá Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, þar á meðal ákvæði hans um saksóknarlaun í héraði, enda var

honum ekki áfrýjað af hálfu ákærvalds. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristján Ásgeir Sólbjartur Mikkaelsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 1994.

Ár 1994, miðvikudaginn 20. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 27/1994: Ákærvaldið gegn Kristjáni Mikkaelssyni, sem tekið var til dóms 28. mars sl.

Málið er höfðað með ákærskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 17. janúar sl., gegn ákærða, Kristjáni Mikkaelssyni, Vagnhöfða 9, Reykjavík, dvalarstaður Flekkudalur í Kjós, kt. 070742-2929, „fyrir að aka bifreiðinni Z-1890 aðfaranótt laugardags 20. mars 1993 undir áhrifum áfengis um Vesturlandsveg í Kjósarsýslu, uns hann ók út af veginum og festi bifreiðina í snjó skammt norðan Kiðafells.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Málavextir.

Laugardaginn 20. mars 1993 kl. 02.27 var óskað eftir lögreglu vegna útafaksturs á Vesturlandsvegi skammt norðan Kiðafells, og var þess getið, að grunur léki á því, að ökumaður væri undir áhrifum áfengis. Segir í lögregluskýrslu, að lögreglumenn hafi komið á vettvang kl. 02.45, og var þá bifreiðin Z-1890 yfirgefin í vegkantinum, vel heit, og hafi bifreiðin snúist á veginum og lent í snjóruðningum. Höfðu lögreglumennirnir skömmu áður mætt vöruflutningabifreiðinni Þ-401, og kvaðst ökumaður hennar hafa tilkynnt um útafaksturinn. Kvaðst hann hafa ætlað að aðstoða ökumanninn, en ekið af staðnum og tilkynnt lögreglu, er hann sá ástand hans. Fóru lög-

reglumennirnir að svipast um eftir ökumanni bifreiðarinnar Z-1890, en hríðarbylur var og slæmt skyggni. Segir í lögregluskýrslu, að þeir hafi fundið ákærða kl. 02.50 liggjandi í snjónum skammt frá veginum u. þ. b. 200–300 m fyrir norðan bifreiðina, og stumruðu hundar yfir honum. Ákærði var áberandi ölvaður að sögn lögreglumanna og kvaðst hafa misst bifreiðina út af veginum í hálfu. Í skýrslunni er haft eftir ákærða, að hann hafi viðurkennt að hafa verið við drykkju fyrr um kvöldið og fram á nótt að Kiðafelli í Kjós. Ákærði var fluttur áleiðis á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík, en höfð var viðkoma á vinnustað hans í Mosfellsbæ. Vildi ákærði þá helst ekki fylgja lögreglumönnum lengra og hafði á orði, að hann hefði ekki drukkið áfengið fyrr en eftir óhappið. Er bókað í lögregluskýrslu, að hvorki hafi fundist vínföng né umbúðir af þeim á handtökustað né í bifreiðinni.

Varðstjóri yfirheyrði ákærða á lögreglustöðinni, og hófst yfirheyrslan kl. 04.17 og lauk kl. 04.23. Er þar haft eftir ákærða, að hann hafi drukkið um hálfan fleyg af víni, eftir að hann hætti að aka. Hins vegar er krossað við „Nei“ við spurninguna: „Hefurðu drukkið, eftir að akstri lauk?“ Þá segir í skýrslunni, að öndursýni (sic) hafi sýnt 1,85%, og ástandi ákærða lýst þannig, að hann hafi verið áberandi ölvaður.

Ákærða var tekið blóðsýni til ákvörðunar á alkóhólinnihaldi kl. 4.38 sömu nótt, og strax á eftir var ákærða tekið þvagsýni til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu ofangreindra rannsókna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,38%, og í þvagi ákærða mældust 3,0%.

Með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 2. júní sl., til Rannsóknastofu í lyfjafræði var óskað álitsgerðar „um ástand ökumanns við aksturinn með tilliti til niðurstöðu þvagsýnisins ca. einum til tveimur tímum áður en blóðsýni og þvagsýni voru tekin“.

Svarbréf rannsóknastofunnar er dagsett 2. júlí sl. og er undirritað af Porkeli Jóhannessyni. Efni þess er svohljóðandi: „Niðurstöðutölur þær, sem um ræðir, benda til þess, að áfengisneysla hlutaðeigandi hafi staðið allnokkurn tíma og verið umtalsverð. Því er líklegt, að maðurinn hafi einnig verið talsvert ölvaður tveimur klukkustundum áður en sýnin voru tekin.“

Við rannsókn málsins kom í ljós, að ökumaður á flutningabifreið frá Grundarfirði mun fyrstur hafa tilkynnt til lögreglu um aksturslag bifreiðarinnar Z-1890.

Ákærði gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 20. apríl 1993, og neitaði hann þá að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Kvaðst ákærði hafa verið á leið heim til sín í Flekkudal, er hvít tófa hljóp í veg fyrir bifreið hans. Kvaðst hann hafa reynt að aka á tófuna, en ekki

tekist betur til en svo, að hann festi bifreiðina. Kvaðst ákærði eftir það hafa drukkið heilan áfengispela.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn verið að vinna á verkstæði sínu í Mosfellsbæ, og kvaðst hann laust eftir miðnætti hafa farið á bifreið sinni áleiðis heim til sín í Flekkudal. Ákærði kvað slabb og bleytu hafa verið á veginum, og gengið hefði á með éljum og skyggni lélegt. Kvað ákærði, að við Útskálahamar hefði hvít tófa hlaupið fyrir bifreiðina og bifreiðin við það runnið út í kant og fest. Ákærði kvaðst hafa ætlað á láta hunda, sem hann hafði meðferðis, ná í tófuna. Kvaðst ákærði hafa farið út úr bifreiðinni og tekið með sér viskífleyg, en hundarnir misst af tófunni. Ákærði kvaðst hafa drukkið nánast allt úr fleygnum og farið aftur að bifreiðinni og verið að læsa henni, þegar maður á flutningabifreið kom að. Ákærði neitaði því að hafa verið að reyna að losa bifreiðina, en kvaðst hafa beðið bifreiðarstjórnann að hjálpa sér að losa hana, en hann hefði neitað því. Ákærði kvaðst ekki gera sér grein fyrir því, hversu langur tími leið, frá því að hann festi bifreiðina, þar til maðurinn kom að, en það hafi verið drjúgur tími. Ákærði kannaðist ekki við að hafa ekið á leið til Reykjavíkur og ekki við að hafa ekið á undan vöruflutningabifreið þá leið. Ákærði ítreakaði, að hann hefði ekið áleiðis í Flekkudal, og benti á, að bifreið sín hefði fest, meðan hann var á þeirri leið, í þeirri akstursstefnu og á réttum vegarhelmingi. Ákærði kvað bifreið sína vera af gerðinni Nissan Bluebird, silfurgráan „station“. Ákærði kvaðst hafa lokið úr viskípelanum og fleygt honum út í vegkant. Ákærði neitaði því að hafa viðurkennt fyrir lögreglu á staðnum að hafa verið við drykkju fyrr um kvöldið að Kiðafelli í Kjós.

Ákærði kvað bifreiðina hafa fest við afleggjarann að Útskálahamri norðan Kiðafells.

Ákærði kvaðst, eftir að hann talaði við flutningabifreiðarstjórnann, hafa gengið frá bifreið sinni áleiðis heim til sín. Kvaðst ákærði hafa verið kominn nokkur hundruð metra, þegar hann sá lögreglubifreiðina, og kvaðst hann hafa farið upp fyrir veginn og lagst niður, því að hann taldi sig í slæmum málum vegna þess, að umræddur bifreiðarstjóri hefði séð sig undir áhrifum áfengis við bifreiðina.

Ákærði kvaðst þennan dag aðeins hafa neytt morgunverðar og því verið mjög þreyttur eftir langan vinnudag.

— — —

Niðurstæða.

Ákærði hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi neitað því að hafa ekið bifreiðinni Z-1890 undir áhrifum áfengis og ber því við, að hann

hafi ekki neytt áfengis, fyrr en eftir að hann festi bifreið sína í snjóskafli. Ákærði er einn til frásagnar um þessa áfengisneyslu sína og hefur skýrt svo frá, að hann hafi fleygt tómunum viskípelanum út í vegkant. Lögreglumenn fundu ekki umræddan pela á vettvangi. Ákærði hefur ekki kannast við að hafa verið á leið til Reykjavíkur og kannast ekki við að hafa ekið á undan vöruflutningabifreið þá leið. Ákærði gefur þá skýringu á útafakstri sínum, að tófa hafi hlaupið fyrir bifreiðina, sem runnið hefði út í kant, er ákærði reyndi að aka á tófuna, og fest þar. Ákærði kannast við að hafa beðið öku-
mann vöruflutningabifreiðar, vitnið Bjarna, um aðstoð, en ákærði neitar því að hafa verið að reyna að losa bifreiðina. Kvaðst ákærði hafa verið nánast búinn með viskífleyginn, er hann talaði við ökumanninn, sem neitaði honum um aðstoð. Vitnið Bjarni segir ákærða hafa verið að reyna að losa bifreiðina, hún hafi spólað, en ekki haggast. Kvaðst vitnið hafa hætt við að aðstoða ákærða, er það sá ölvunarástand hans. Ákærði og vitnið Bjarni eru einir til frásagnar um samskipti þeirra.

Vitnin Friðjón Albert, Óli Björn og Ásgeir hafa öll borið, að þau hafi ekið á eftir bifreið með utanbæjarnúmeri, sennilega Z-númeri, áleiðis til Reykjavíkur, og var aksturslag ökumanns þannig að mati vitnanna, að ekki virtist allt með felldu með hann, og sáu þau ástæðu til að gera lögreglu viðvart. Vitnin kváðu aðstæður á akbrautinni ekki skýra aksturslag bifreiðarinnar. Þá hafa þessi vitni borið, að ökumaður hafi verið einn í bifreiðinni, og einnig sáu vitnin hund í henni. Þessi vitni höfðu ekki tal af umræddum ökumanni. Eins og mál þetta er vaxið, verður að telja, að það hafi verið bifreið ákærða, sem vitnin sáu.

Lögreglumenn þeir, sem afskipti höfðu af ákærða á vettvangi, hafa báðir borið, að ákærði hafi við handtöku talað um að hafa neytt áfengis, áður en hann hóf akstur bifreiðarinnar. Ákærði hefur hins vegar ekki viljað kannast við að hafa skýrt frá með þessum hætti, og ber að hafa í huga, að eftir að formleg skýrslutaka hófst hjá lögreglu og gætt hafði verið viðeigandi réttarfarsákvæða, skýrði ákærði frá áfengisneyslu sinni eins og hér hefur verið rakið.

Frá því að tilkynning berst til lögreglu um akstur ákærða, þar til honum er tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar, líða um 2 klukkustundir og 11 mínútur, en frá handtöku til töku blóðsýnis líður um 1 klukkustund og 48 mínútur. Ekki er upplýst í málinu, hvenær þvagsýni var tekið, að öðru leyti en því, að það var tekið, eftir að ákærða hafði verið tekið blóðsýni. Álitsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði um niðurstöður alkóhólrannsóknar á blóði og þvagi lýtur að því, að líklegt sé, að áfengisneysla hlutaðeigandi hafi staðið allnokkurn tíma og verið umtalsverð, og þá sé líklegt, að maðurinn hafi

einnig verið talsvert ölvaður tveimur klukkustundum áður en sýnin voru tekin.

Ekki þykir fært, eins og hér stendur á, að hafna framburði ákærða um, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Verða því úrslit máls þessa ekki að öllu leyti látin velta á niðurstöðu blóðrannsóknar. Þegar virtur er framburður vitnanna Friðjóns Alberts, Óla Björns og Ásgeirs um aksturslag ákærða í máli þessu, framburður vitnisins Bjarna um ástand ákærða, ótrúverðugur framburður ákærða og álitsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis. Varðar brot ákærða við 1. mgr. 45. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða sáttist hann 10. janúar 1989 á 20.000 króna sekt og 12 mánaða ökuleyfisvöptingu fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Að öðru leyti skiptir sakaferill ákærða ekki máli við úrlausn máls þessa.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 70.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökurétti, eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða, ber að svipta ákærða ökurétti í 2 ár frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 104. gr. umferðarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., 75.000 krónur.

Sturla Þórðarson yfirlögfræðingur flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Mikkaelsson, greiði 70.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þórs Sigurðssonar hdl., 75.000 krónur.